



Borgarráð

Umsögn við fyrirspurn borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins um kostnað við upplýsingabækling um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

Á fundi borgarráð þann 14. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Inn um lúgur borgarbúa barst í gær litprentaður bæklingur útgefinn af Reykjavíkurborg upp á 55 bls. sem leit út eins og fasteignauglýsingabæklingur. Bæklingnum var augljóslega ætlað að auglýsa stefnu meirihlutans og fegra og bæta fyrir allt klúður hans í skipulags- og samgöngumálum. Augljóst er að Reykjavíkurborg er komin langt út fyrir hlutverk sitt en það er ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að auglýsa eignir einstaklinga og fyrirtækja á kostnað útsvarsgreiðenda. Það má því velta fyrir sér þá af hverju þeir sem eru að selja eldri fasteignir fái þá ekki sambærilega auglýsingu frá útsvarsgreiðendum. Óskað er upplýsinga hvar og hvenær ákvörðun um útgáfu þessa bæklinga var tekin? Er eðlilegt að Reykjavíkurgorg haldi úti auglýsingabæklingi fyrir fasteignir? Fór gerð bæklinga og dreifing í útboð? Hvað kostaði hönnun, prentun og dreifing bæklinga? Hver var heildarkostnaður við vinnslu blaðsins og í hverju fólst hann?“

Á fundi borgarráð þann 14. nóvember 2019 var einnig lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildarkostnað blaðsins Uppbygging íbúða í borginni sem borið var út í öll hús í borginni í vikunni. Óskað er einnig upplýsinga um kostnað við dreifingu blaðsins.“

Umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Kynningarbæklingur um uppbyggingu íbúða í borginni var unnin af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf sem vann að sams konar bæklingi haustið 2017 og 2018. Bæklingurinn er því að koma út í þriðja sinn. Tilgangur þessa kynningarefnis er að gefa greinagóða mynd af stöðu uppbyggingar á íbúðahúsnæði í Reykjavík til þess að auka þekkingu uppbyggingaraðila og almennings á húsnæðismarkaði borgarinnar.

Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Þeim til stuðnings voru starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Upplýsingadeild. Vinna starfsmanna borgarinnar fólst aðallega í að yfirfara upplýsingar um stöðu einstakra verkefna.

Vegna fordæmalaus fjölda uppbyggingarverkefna í borginni þurfti að stækka blaðið svo það myndi nást að fjalla um öll svæði. Kostnaður jókst sem því nemur hlutfallslega frá fyrra ári við þetta.

Kostnaður við gerð bæklingisins var kr. 8.720.598,- og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

Vinna Athygli var samtals 2.300.968 kr. Undir þessum lið er umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningarvinna með umbrotsmanni, leiðréttingar, frágangur og fundir/samskipti við verkkaupa og aðra.

Ritform ehf. sá um hönnun, umbrot, uppsetningu og yfirllestur. Ísafold prentsmiðja sá um myndgreiningu og prentun.

Prentun á blaðinu – upplag: 67.500 eintök.	Samtals 3.610.000 kr.
Myndgreining	Samtals 70.290 kr.
Fjölóstur og pökkun – liður með vsk	Samtals 517.623 kr.
Fjölóstur og pökkun – liður án vsk	Samtals 1.008.467 kr.
Hönnun, umbrot, uppsetningu og yfirllestur	Samtals 1.213.250 kr.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig